

Straumborg ehf. og Norvest ehf.

Gögn um samruna félaganna

Efnisyfirlit

Samrunaáætlun	1
Greinargerð félagsstjórna.....	2-3
Skýrsla matsmanna	4
Samrunaefnahagsreikningur	5-7

Samrunaáætlun

Stjórnir Straumborgar ehf., kt. 500894-2109, Skemmuvegi 2, Kópavogi og Norvest ehf., kt. 540205-0190, Laugavegi 3, Reykjavík gera með sér svohljóðandi

samrunaáætlun

1. Stjórnir félaganna eru sammála um að sameina félögin undir nafni Straumborgar ehf. á grundvelli XIV. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Samþykktir Straumborgar ehf., með þeim breytingum sem samrunanum fylgja, skulu gilda fyrir hið sameinaða félag. Samruninn skal miðast við 1. janúar 2007.
2. Við sameininguna verður Norvest ehf. slitið.
3. Við samruna eru allir hlutir í Norvest ehf. í eigu yfirtökufélagsins Straumborgar ehf. og þar af leiðandi kemur ekki til sérstaks endurgjalds fyrir hluti í Norvest ehf.
4. Hlutfé sameinaðs félags verður kr. 1.000.000.
5. Þeir hlutir sem hluthafar Norvest ehf. fá í Straumborg ehf. í skiptum fyrir hluti sína í Norvest ehf. skulu veita rétt til arðs frá og með 1. janúar 2007.
6. Réttindum og skyldum yfirtekna félagsins, Norvest ehf., skal reikningslega teljast lokið 31. desember 2006 og frá þeim degi tekur Straumborg ehf. við öllum eignum og skuldum og tekjum og greiðir öll gjöld vegna hins yfirtekna félags.
7. Enginn skal njóta sérréttinda í hinu sameinaða félagi.
8. Ekki er um að ræða nein hlutabréf eða skuldabréf með sérstökum réttindum í félögunum.
9. Til staðfestu samningi þessum undirrita hann stjórnir Straumborgar ehf. og Norvest ehf.

Reykjavík, 21. júní 2007

Stjórn Straumborgar ehf.

Stjórn Norvest ehf.

Greinargerð

stjórnar Straumborgar ehf. vegna samruna sbr. 121. gr. laga nr. 2/1995

Fyrir liggur samrunaáætlun dagsett í dag vegna fyrirhugaðs samruna Straumborgar ehf. og Norvest ehf. miðað við 1. janúar 2007. Í samrunaáætluninni kom fram þau atriði sem greind eru í XIV. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög eftir því sem á við.

Tilgangur samruna Straumborgar ehf. og Norvest ehf. er að hagræða í rekstri félaganna með því að einfalda hann. Bæði félögin eru í fjárfestingastarfsemi.

Engin vandkvæði eru talin á sameiningunni og fjárhagur félaganna er þannig að hagur lánardrottna mun ekki rýrna.

Við samruna eru allir hlutir í Norvest ehf. í eigu yfirtökufélagsins Straumborgar ehf. og þar af leiðandi kemur ekki til sérstaks endurgjalds fyrir hluti í Norvest ehf. Hlutfé sameinaðs félags verður kr. 1.000.000.

Stjórn félagsins telur skiptahlutföll eðlileg og sanngjörn og leggur til við hluthafa að samþykkja sameininguna.

Gerður hefur verið sameiginlegur efnahagsreikningur sem sýnir allar bókfærðar eignir og skuldir félaganna miðað við 1. janúar 2007.

Reykjavík, 21. júní 2007

Stjórn Straumborgar ehf.

Greinargerð

stjórnar Norvest ehf. vegna samruna sbr. 121. gr. laga nr. 2/1995

Fyrir liggur samrunaáætlun dagsett í dag vegna fyrirhugaðs samruna Straumborgar ehf. og Norvest ehf. miðað við 1. janúar 2007. Í samrunaáætluninni kom fram þau atriði sem greind eru í XIV. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög eftir því sem á við.

Tilgangur samruna Straumborgar ehf. og Norvest ehf. er að hagræða í rekstri félaganna með því að einfalda hann. Bæði félögin eru í fjárfestingastarfsemi.

Engin vandkvæði eru talin á sameiningunni og fjárhagur félaganna er þannig að hagur lánardrottna mun ekki rýrna.

Við samruna eru allir hlutir í Norvest ehf. í eigu yfirtökufélagsins Straumborgar ehf. og þar af leiðandi kemur ekki til sérstaks endurgjalds fyrir hluti í Norvest ehf. Hlutfé sameinaðs félags verður kr. 1.000.000.

Stjórn félagsins telur skiptahlutföll eðlileg og sanngjörn og leggur til við hluthafa að samþykkja sameininguna.

Gerður hefur verið sameiginlegur efnahagsreikningur sem sýnir allar bókfærðar eignir og skuldir félaganna miðað við 1. janúar 2007.

Reykjavík, 21. júní 2007

Stjórn Norvest ehf.

Skýrsla matsmanns

um samrunaáætlun vegna samruna Straumborgar ehf., kt. 500894-2109, Skemmuvegi 2, Kópavogi og Norvest ehf., kt. 540205-0190, Laugavegi 3, Reykjavík.

Samkvæmt samrunaáætlun stjórn Straumborgar ehf. og Norvest ehf. hafa stjórnirnar orðið sammála um að leggja til við hluthafafundi í félögunum að þau verði sameinuð á grundvelli XIV. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög þannig að Norvest ehf. verður slitið án skuldaskila og eignir þess félags og skuldir yfirteknar af Straumborg ehf. Samruninn miðast við 1. janúar 2007. Fjárhagslega er miðað við stöðu eigna og skulda félaganna eins og hún var 31. desember 2006. Tilgangur sameiningarinnar er að hagræða í rekstri félaganna og einfalda reksturinn.

Við samruna eru allir hlutir í Norvest ehf. í eigu yfirtökufélagsins Straumborgar ehf. og þar af leiðandi kemur ekki til sérstaks endurgjalds fyrir hluti í Norvest ehf. Hlutfé sameinaðs félags verður kr. 1.000.000.

Annað gagngjald eða réttindi eru ekki áskilin fyrir hin framlögðu verðmæti.

Það er skoðun undirritaðs að skiptihlutfall það sem gert er ráð fyrir í samrunaáætlun félaganna sé eðlilegt og sanngjarnt.

Í samræmi við 4. mgr. 122. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög staðfestir undirritaður hér með að fyrirhugaður samruni félaganna mun ekki á nokkurn hátt rýra möguleika lánardrottna félaganna til fullnustu á kröfum sínum.

Reykjavík, 21. júní 2007

Deloitte hf.

Birkir Leósson
endurskoðandi

Straumborgar ehf.

Samrunaefnahagsreikningur
1. janúar 2007

Straumborg ehf.

Norvest ehf.

Áritun endurskoðenda

á samrunaefnahagsreikning Straumborgar ehf. og Norvest ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samrunaefnahagsreikning Straumborgar ehf. og Norvest ehf. Samrunaefnahagsreikningurinn er byggður á ársreikningum Straumborgar ehf. og Norvest ehf. miðað við 31. desember 2006 og ákvörðun stjórnna félaganna um sameiningu þeirra.

Það er álit okkar með vísan til 121. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög að efnahagsreikningurinn gefi glögga mynd af eignum og skuldum beggja félaganna, með þeim breytingum sem samruninn hefur í för með sér. Samrunaefnahagsreikningur þessi er jafnframt upphafsefnahagsreikningur Straumborgar ehf. hinn 1. janúar 2007 eftir sameininguna.

Reykjavík, 21. júní 2007

Deloitte hf.

Birkir Leósson
endurskoðandi

Samrunaefnahagsreikningur 1. janúar 2007

Eignir	Straumborg ehf.	Norvest ehf.	Millifærslur	Samtals
Fastafjármunir				
Varanlegir rekstrarfjármunir	9.192.567	0		9.192.567
Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum ..	15.092.176.968	13.694.600	(9.971.853.404)	5.134.018.164
Fjárfestingaverðbréf	3.658.049.423	19.402.647.542		23.060.696.965
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur	393.921.000	0		393.921.000
	<u>19.153.339.958</u>	<u>19.416.342.142</u>	<u>(9.971.853.404)</u>	<u>28.597.828.696</u>
Veltufjármunir				
Viðskiptakröfur	187.546.813	0		187.546.813
Markaðsverðbréf	0	476.671.051		476.671.051
Aðrar skammtímakröfur	104.908.529	4.208.610.021	(3.389.258.129)	924.260.421
Handbært fé	856.764	40.636.757		41.493.521
	<u>293.312.106</u>	<u>4.725.917.829</u>	<u>(3.389.258.129)</u>	<u>1.629.971.806</u>
Eignir	<u>19.446.652.064</u>	<u>24.142.259.971</u>	<u>(13.361.111.533)</u>	<u>30.227.800.502</u>
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé				
Hlutfé	1.000.000	348.500.000	(348.500.000)	1.000.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár	393.921.000	3.827.427.110	(3.827.427.110)	393.921.000
Lögbundinn varasjóður	250.000	0		250.000
Þýðingarmunur	321.516.858	787.360	(787.360)	321.516.858
Óinnleystur gengishagnaður	5.561.664.713	4.822.626.644	(4.822.626.644)	5.561.664.713
Óráðstafað eigið fé	5.697.891.530	972.512.290	(972.512.290)	5.697.891.530
Eigið fé	<u>11.976.244.101</u>	<u>9.971.853.404</u>	<u>(9.971.853.404)</u>	<u>11.976.244.101</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar				
Tekjuskattsskuldbinding	94.183.303	1.917.759.251		2.011.942.554
	<u>94.183.303</u>	<u>1.917.759.251</u>	<u>0</u>	<u>2.011.942.554</u>
Skammtímaskuldir				
Skuldir við lánastofnanir	3.892.385.312	11.456.943.284		15.349.328.596
Aðrar skammtímaskuldir	3.483.839.348	795.704.032	(3.389.258.129)	890.285.251
	<u>7.376.224.660</u>	<u>12.252.647.316</u>	<u>(3.389.258.129)</u>	<u>16.239.613.847</u>
Skuldir	<u>7.470.407.963</u>	<u>14.170.406.567</u>	<u>(3.389.258.129)</u>	<u>18.251.556.401</u>
Eigið fé og skuldir	<u>19.446.652.064</u>	<u>24.142.259.971</u>	<u>(13.361.111.533)</u>	<u>30.227.800.502</u>